

## TILLÖGUR AÐ SKIPULAGSÁÆTLUNUM OG BREYTINGUM Á ÞEIM Í UPPLANDI GARÐABÆJAR SEM AUGLÝSTAR VORU SAMHLIÐA.

### SVÖR VIÐ INNSENDUM ATHUGASEMDUM (21. Júlí 2023)

Þann 25. júlí 2023 sl. samþykkti bæjarráð Garðabæjar eftirfarandi tillögur að lokinni auglýsingu:

Breyting á Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 í upplandi.

Deiliskipulag Vífilsstaðahrauns, Vatnsmýrar og Maríuhella.

Deiliskipulag útivistarsvæðis í Urriðavatnsdölum.

Breyting á deiliskipulagi Heiðmerkur og Sandahlíðar.

Breyting á deiliskipulagi austurhluta Urriðaholts.

Breyting á deiliskipulagi 4. áfanga norðurhluta Urriðaholts.

Tillögurnar voru samþykktar að tillögu skipulagsnefndar frá fundi þann 29. júní 2023.

Tillögurnar voru auglýstar 9. febrúar 2023 og var frestur til að gera athugasemdir til 11. maí 2023.

Tillögurnar voru auglýstar samhliða auglýsingu Umhverfisstofnunar á tillögu að friðlýsingu Urriðakotshrauns sem fólkvangs.

Hér að neðan birtast svör Garðabæjar við innsendum athugasemdum og umsögnum sem bárust á kynningartíma. Efni athugasemda og umsagna ásamt svörum við þeim er skipt upp eftir tillögum.

Bókun skipulagsnefndar við afgreiðslu hvernar tillögu fyrir sig birtist framan við svör við viðkomandi athugasemdir og umsagnir.

### TILLAGA AÐ BREYTINGU Á AÐALSKIPULAGI GARÐABÆJAR 2016-2030

#### BÓKUN SKIPULAGSNEFNDAR VIÐ SAMÞYKKT:

*Lögð fram að lokinni auglýsingu tillaga að breytingu Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030 sem nær til Upplands Garðabæjar og skipulagssvæða þeirra deiliskipulagstillagna sem auglýstar voru samhliða.*

*Lagðar fram þær athugasemdir og umsagnir sem borist hafa ásamt drögum að greinargerð þar sem að viðbrögð og svör Garðabæjar við þeim er að finna.*

*Í umsögn Vegagerðar kemur fram að Flóttamannavegur (Elliðavatnsvegur) sé flokkaður sem stofnvegur í umsjá stofnunarinnar og beri að sýna hann sem slíkan á skipulagsuppdráttum. Skipulagsnefnd bendir á að dæmi eru um að tengibrautir í aðalskipulagi sveitarfélaga sé stofnvegir í umsjá Vegagerðarinnar og því sé ekki ástæða til að skilgreina Flóttamannaveg sem stofnbraut. Skipulagsnefnd leggur til að á aðalskipulagsuppdrætti og á deiliskipulagsuppdráttum þar sem að tengibrautina Flóttamannaveg er að finna skuli skilgreint 30 m breitt veghelgunarsvæði tengibrautar. Landnotkunarreitur Íb 4.13 austan Vífilsstaða minnkar sem nemur veghelgunarsvæði Flóttamannavegar.*

*Athugasemdir og umsagnir kalla ekki að öðru leyti á breytingar á auglýstri tillögu en framsetningu hennar hefur verið breytt í kjölfar athugunar hjá umhverfissviði og ráðgjafa.*

*Skipulagsnefnd samþykkir tillöguna með ofangreindri breytingu og lagfæringu í samræmi við 1.mgr.31.gr.skipulagslaga nr.123/2010.*

NR.	Athugasemd	Svör Garðabæjar
1	<p><i>Hafnarfjörður, umsögn dags 16.maí 2023.</i></p> <p><i>Erfitt að átta sig á tengingu við Hafnarfjörð á auglýstum uppdrætti.</i></p> <p><i>Sú tenging reiðleiðar sem dettur út í tillögu, hefur verið vinsæl meðal hestamanna í Hafnarfirði um langt skeið, og því nokkur eftirsjá af henni. Þó er bót í máli að hún verður að göngu- og hjólastíg. Smyrlabúðarleiðin er því eina tengingin sem eftir verður á milli sveitarfélaganna.</i></p>	<p>Garðabær hefur skilning á því að þær breytingar sem nú hafa verið samþykktar í deiliskipulagi og aðalskipulagi munu hafa áhrif á kerfi reiðstíga í upplandi sveitarfélagsins sem hestamenn hafi áhyggjur af.</p> <p>Markmið þessara breytinga er að tryggja í sessi reiðstíga á svæðum sem nú er skilgreind sem útivistarsvæði í skipulagsáætlunum og auka þar með öryggi og ánægju þeirra sem njóta útvisstar á umræddum svæðum. Með því að staðsetja reiðleiðir fjær vaxandi umferðaræðum er stuðlað að því að ofangreint markmið náist.</p> <p>Garðabær kynnti hugmyndir um reiðleið meðfram línuvegi fyrir landeigendum í Setbergi á meðan á mótum þeirra skipulagstillagna sem nú hafa verið samþykktar stóð. Þá kom fram að landeigendur lögðust gegn því að nýjar reiðleiðir yrðu lagðar í þeirra landi og voru þær hugmyndir því lagðar til hliðar. Garðabær lýsir sig reiðubúinn til þess að skoða hugmyndir um reiðstíg milli Vífilsstaðahlíðar um Urriðakotshraun, Tjarnholt og Þverhlíð (Seljahlíð) að bæjarmörkum ef samkomulag næst við landeigendur. Öllum hugmyndum og athugasemdum sem Hestamannafélagin Sprettur og Sörli hafa gert við deiliskipulagsáætlanir þær sem nú hafa verið samþykktar er vísað til þeirrar endurskoðunar sem nú fer fram á Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 og nær meðal annars til stígakerfis. Framundan er vinna við gerð deiliskipulags fyrir Friðland Búrfells og Búrfellsgjár sem einnig mun ná til Reykjanesfólkvangs en sá hluti Smyrlabúðarhrauns sem næst er Tjarnholtum er innan fólkvangsins en utan friðlandsins. Athugasemdum er einnig vísað til móttunar þess deiliskipulags.</p> <p>Garðabær hefur á síðustur tveimur áratugum skapað skilyrði fyrir öflugra hestamennsku í landi sínu með vönduðum skipulagsáætlunum, deiliskipulagi Kjóavalla, Heiðmerkur og nú útivistarsvæðis í Urriðavatnsdölum. Engin breyting hefur orðið á stefnu bæjarins hvað aðbúnað hestamennsku varðar þó svo að ýmsar breytingar séu framundan á legu reiðvega um uppland bæjarins.</p>

		<p>Garðabær bendir á að í gildandi deiliskipulagi Heiðmerkur er gert ráð fyrir reiðvegum sem eru 2-3 km að lengd og hafa ekki verið lagðir auk þeirra 2 kílómetra sem breyting á deiliskipulaginu gerir ráð fyrir. Á næstu árum verður ráðist í að leggja reiðstíga sem eiga sér stoð í skipulagi og má búast við því að þangað til verði þeir reiðstígar sem enn eru nothæfir nýttir á meðan að ekki er að þeim þrengt vegna aðkallandi framkvæmda.</p>
2	<p><i>Umsögn Hafnarfjarðar í svæðisskipulagi 2015-2040 fyrir höfuðborgarsvæðið kemur fram að meginstofnvegir skuli tryggja greiða og örugga umferð fólks. Þar kemur einnig fram að sveitarfélögin þurfi að taka frá rými í sínum skipulagsáætlunum fyrir mögulegar tilfærslur þessara meginstofnvega og þar m.a. talað um tengingu Reykjanesbrautar <b>ofan byggðar</b> á sunnanverðu höfuðborgarsvæðinu. Við Hafnfirðingar höfum mikilla hagsmuna að gæta að tengjast greiðfærum stofnleiðum þar sem byggðin hefur þróast til suðurs og þessi tenging því mjög brýn. Í aðalskipulagi Garðabæjar er hinn umtalaði <b>Ofanbyggðarvegur</b> ráðgerður frá Svínaholti og mun liggja í norðanverðu Setbergsholti og mun tengjast Reykjanesbraut í mislægum gatnamótum við Álftanesveg. Þarna hefur legunni verið breytt frá fyrri skipulagsáætlunum, en eldra aðalskipulag sýndi ofanbyggðaveg í svipaðri legu og Flóttamannavegur er í dag. Í því samhengi má velja fyrir sér hvort að hin nýja lega sé heppileg fyrir Hafnfirðinga, með tengingu inn á Reykjanesbraut við Kaplakrika og sameinast allri umferð sem þar er. Skipulagsyfirvöld í Hafnfirði</i></p>	<p>Garðabær bendir á að ákvörðun um Ofanbyggðarveg sem stofnbraut var tekin við gerð þess aðalskipulags fyrir Garðabæ sem nú er í gildi. Á þessi umfjöllun í umsögn Hafnarfjarðar því ekki að öllu leyti við þá breytingu aðalskipulags sem umsögnin er veitt um. Með þeirri aðalskipulagsbreytingu sem nú er samþykkt er verið að skilgreina Flóttamannaveg frá Urriðaholti að Vífilsstöðum sem tengibraut þar sem hann mætir tengibrautunum Vífilsstaðavegi og Elliðavatnsvegi. Áður var þessi kafli Flóttamannavegar skilgreindur sem „aðrir vegir“ og er því verið að koma til móts við væntingar Hafnfirðinga og íbúa í uppþæ Garðabæjar um endurbætur á þessari umferðartengingu.</p>

	<p><i>hafa gert athugasemdir við þessa nýju legu á fyrri stigum þessarar breytingar.</i></p> <p><i>Ofanbyggðarvegur átti að taka affallið af núverandi Reykjanesbraut og dreifa umferðarflæðinu á fleiri stofnleiðir.</i></p> <p><i>Við fyrirhugaða breytingu á aðalskipulagi og auglýstum friðlýsingum þarf að huga að þessum meginstofnleiðum í heild sinni. Að Flóttamannavegur verði tengivegur mun engan veginn uppfylla þá þörf sem stofnleiðakerfið á að þjóna.</i></p> <p><i>Skv. framansögðu óskar Hafnarfjarðarkaupstaður eftir frekara samráði þar sem um stórt hagsmunamál er að ræða og að heildarkerfi stofnleiða úr bænum verði skoðað.</i></p> <p><i>Einnig áskilur bærinn sér rétt til þess að koma með nánari athugasemdir og ábendingar við frekari vinnslu þessa máls.</i></p>	
3	<p><i>Umsögn Heilbrigðiseftirlits Gbr,Hfj,Kóp, Mosfb og Seltjn dags 3.4.23.</i></p> <p><i>Heilbrigðisnefnd telur að betur þurfi að skoða umferð um Flóttamannaveg, mögulega aukningu á umferð og hvernig tryggja á viðunandi hljóðvist í íbúðahverfinu í Urriðaholti og í útivistar- og friðlöndum meðfram veginum.</i></p> <p><i>HEF mælist til að hávaðakortlagning verði gerð af Flóttamannavegi til undirbúnings að ákvörðunum og hugsanlegum mótvægisáðgerðum til að tryggja viðunandi hljóðvist. Enn fremur verði afmarkað kyrrlátt svæði í friðlöndum og útivistarsvæðum meðfram veginum.</i></p> <p><i>Í greinargerð og umhverfismati</i></p>	<p>Í deiliskipulagi byggðar í Urriðaholti er gert ráð fyrir hljóðmönnum milli vegar og byggðar. Við hönnun vegarins verður unnin hávaðagreining og þörf fyrir hljóðvarnir við útivistarsvæði metin. Þess ber að geta að gert er ráð fyrir 50 km/klst hámarkshraða á Flóttamannavegi. Vegurinn er því mun minna áhyggjuefni m.t.t. hljóðvistar í friðlandinu en vegna hljóðvistar í nálægð við Reykjanesbraut. Hún verður metin sérstaklega í tengslum við deiliskipulag Reykjanesbrautar.</p>

	<p>tillögunnar er ekki fjallað um núverandi eða væntanlega umferð um veginn. Líklegt er að betri vegtenging frá Hafnarfirði, að gatnamótum við Vífilsstaðaveg og tenging Urriðaholts ásamt aukinni útivist muni leiða til aukinnar umferðar um veginn.</p> <p>Huga þarf að hljóðvist frá veginum við útivistarsvæði eins og í friðlandinu í Vífilsstaðahrauni og við Vífilsstaðavatn og eins í íbúðahverfinu í Urriðaholti. Í reglugerð nr. 1000/2005 kemur fram að sveitarstjórn skuli með hliðsjón af niðurstöðu hávaðakortlagningar afmarka kyrrlát svæði innan sveitarfélagsins, bæði í þéttbýli og dreifbýli. Hávaðakortlagning hefur ekki verið gerð við Flóttamannavegi.</p>	
4	<p>Hestamannafélagið Sörli, athugasemd dags. 10.5.23.</p> <p>Gera alvarlegar athugasemdir við og mótmæla harðlega að ekki skuli gert ráð fyrir reiðleið yfir Urriðakotshraun og Tjarnarholt um línuveg úr Vífilsstaðahlíð að Gráhelluhrauni í Hafnarfirði í þeim aðal- og deiliskipulagsbreytingum í upplandi Garðabæjar sem nú eru í kynningu.</p> <p>Reiðvegur meðfram Elliðavatnsvegi (nr. R.16.02) er stofnleið milli hesthúsahverfa á höfuðborgarsvæðinu, reiðvegurinn er í gildandi aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 og var lagður á veghelgunarsvæði Elliðavatnsvegur með samþykki Vegagerðar Ríkisins með leyfi, en án stuðnings, bæjaryfirvalda</p>	Sjá svar nr. 1 hér að ofan.

	<p><i>Garðabæjar. Bent er á að þessi vegur er mannvirki sem kostar mjög mikið á núvirði. Telur Garðabær að hann geti tekið hann eignarnámi og nýtt til annara nota og þar með fjármuni ætlaða reiðvegum, án bóta. Þessum áformum skipulagsyfirvalda Garðabæjar að gera ekki ráð fyrir reiðvegi úr Vífilsstaðhlíð um Urriðakotsdali að Gráhelluhrauni í Hafnarfirði er harðlega mótmælt og því að loka á góða tengingu milli Sprettis og Sörla, sem kostuð var af hestamönnum og Vegagerðinni. Hestamenn leggjast alfarið gegn fyrirhuguðum skipulagsbreytingum fyrr en búið er að tryggja nýjar reiðleiðir og leggja reiðstíga í stað þeirra sem áform eru um að yfirtaka. Og búið að ákveða með hvaða hætti bæta á fyrir yfirtekin mannvirki.</i></p>	
5	<p>Landsamtök Hjólréiðamanna (LHM) Umsögn dags.11.5.23  <i>LHM benda á að nýr stofnstígur meðfram Reykjanesbraut má ekki vera of hlykkjóttur eins og þeir stígar sem hafa verið lagðir vestan Reykjanesbrautar. Að mati LHM er skynsamlegra að hafa bæði hjóla- og göngustíg í sömu legu en með minni hlykkjum þannig að öryggi stíganna verði meira. Huga þarf að viðhaldi og þjónustu við stígana og lýsingu við þá og þar er lega stíga auðveldari og ódýrari en tvær legur stíga.  LHM benda á að hlykkjóttir stígar vestan Reykjanesbrautar í framhaldi af brú yfir hraunið vinna gegn tengingu við miðbæ Garðabæjar.</i></p>	<p>Stofnstígur í Vífilsstaðhrauni er fyrst og fremst hugsaður sem tenging milli hverfa í Garðabæ og ætlaður blandaðri umferð gangandi og hjólandi. Stígurinn er sérstaklega mikilvæg tenging við íþróttasvæði í Vetramýri. Fyrirhugað er að vinna deiliskipulag fyrir Reykjanesbraut í Garðabæ og þar er mögulegt að koma fyrir samgöngustíg sem fylgir legu Reykjanesbrautar á jaðri veghelgunarsvæðis. Stíginn mætti gjarnan hljóðverja vegna nálægðar við hraða og þunga umferð. Rétt er að vekja athygli á því að stígurinn í gegnum hraunið er einungis 1 km að lengd og tekur því ekki nema 2,5 mínútur að hjóla á leyfilegum hraða 25 km/klst. Stígurinn liggur um friðlýst svæði og verður því að laga sig að landslagi og hraunmyndunum. Lögð var umfangsmikil vinna í að finna heppilegustu leið um hraunið m.t.t. landslags og umferðaröryggis. Staðsetning brúar er ekki hluti þessa deiliskipulags og einungis höfð til hliðsjónar. Staðsetning brúar fyrir hjólandi og gangandi er vísað til fyrirhugaðrar</p>

		vinnu við nýtt deiliskipulagi fyrir Reykjanesbraut í Garðabæ.
6	<p>Náttúrufræðistofnun Íslands. Umsögn dags.11.5.23</p> <p><i>Breyting á legu hjólastígar í Vífilsstaðahrauni mun valda raski á hrauni. Náttúrufræðistofnun Íslands telur þetta ekki fara vel saman með markmiðum friðlýsingar um að vernda jarðmyndanir.</i></p> <p><i>Í tillögu er fjallað um breytingu á Flóttamannavegi þar sem veglína breytist lítillega skammt norðan við Mariuhella og inn í Vífilsstaðahraunið. Þessi framkvæmd bætir mjög öryggi vegarins en ljóst er að henni mun fylgja eitthvað rask á hrauninu sem er verndað.</i></p>	<p>Garðabær tekur undir að lega hjólastígsins veldur í raski á hrauni en bendir jafnframt á að leitast er við að halda raski í lágmarki. Stígurinn verður 3 m breiður og við framkvæmd hans má ekki fara út fyrir stígstæðið.</p> <p>Einnig er bent á að í 2. gr. auglýsingar fyrir fólkvanginn kemur fram að auk þess að vernda jarðmyndanir þá er "verið að efla lífsgæði í sveitarfélaginu með því að tryggja möguleika til útivistar, náttúruskoðunar og fræðslu í náttúrulegu umhverfi".</p> <p>Breytingar á Flóttamannavegi eru utan friðlýstra svæða en vissulega á hverfisvernduðu hrauni. Lögð verður áhersla á að valda sem minnstu raski á framkvæmdartíma og að vandað verði til við allan frágang við breytingu á legu vegarins.</p>
7	<p>Samtök Sveitarfélaga á Höfuðborgarsvæðinu. Umsögn dags.8.5.23</p> <p><i>SSH gera ekki athugasemd við tillöguna en leggja til að við deiliskipulagsgerð Reykjanesbrautar verði hugað að stofnneti hjólreiða.</i></p> <p><i>Í umsögn segir m.a. "Hvatt til þess að sérstaklega verði hugað að aðskildri stofnleið hjólreiða sunnan Reykjanesbrautar við deiliskipulagsgerð Reykjanesbrautar.</i></p> <p><i>Jafnframt komið á framfæri að hugað sé að fyrirkomulagi þverunar yfir Reykjanesbraut og tekið sé mið af því að lágmarka hæðarmismun notenda, sbr. kafla 2.3.3 í svæðisskipulagi."</i></p>	<p>Lagning stofnstígs í Vífilsstaðahrauni opnar hjólaleið sem tekur einungis 2-3 mínútur að hjóla á leyfilegu hámarkshraða. Tekið er undir að möguleiki er á að leggja stíg í jaðri Reykjanesbrautar og verður það skoðað við deiliskipulagsvinnu Reykjanesbrautar. Sama á við um þverun Reykjanesbrautar.</p>
8	<p>Umhverfisstofnun, Umsögn dags 16.5.23</p> <p><i>UST leggur áherslu á að stofnstígar fylgi stofn- og tengibrautum eins og hægt er og rýri ekki verndargildi friðlýstra svæða.</i></p>	<p>Lega stígsins í deiliskipulagsstillögunni var valin í samráði við Umhverfisstofnun. Skv. umferðarlögum er heimilt að hjóla á öllum gangstígum og gangstéttum. Stígurinn er lagður á forsendum landslagsins en einnig mt.t. umferðaröryggis.</p>

	<p><i>Benda á möguleika á hraðatakmarkunum fyrir hjól á stofnstígum innan friðlýstra svæða.</i></p>	<p>Stígurinn verður jákvæð viðbót við stíga þar sem hægt er að hjóla og ganga í náttúrulegu umhverfi. Garðabær sér ekki ástæðu til að fara í hraðatakmarkandi aðgerðir á friðlýstum svæðum en bendir þó á að þar sem eru blandaðir stígar skal fyllsta öryggis gætt.</p>
9	<p>Reiðveganefnd í Kjalarnesþingi hinu forna, suðvestursvæði. Athugasemd dags 10.5.23. Fyrir hönd Reiðveganefndar í Kjalarnesþingi hinu forna suðvestursvæði er tekið undir þær athugasemdir sem settar eru fram í bréfi frá Hestamannafélaginu Spretti dags 8. maí 2023 og þær studdar að öllu leyti.</p>	<p>Sjá svar við athugasemd nr.1 hér að ofan.</p>
10	<p>Vegagerðin. Umsögn dags 27.6.23 VG ítrekar fyrri umsögn vegna tillagna en þar var bent á að Elliðavatnsvegur (Flóttamannavegur) er áfram stofnvegur í umsjá VG og ber að sýna hann sem slíkan á skipulagsuppráttum og skuli gera ráð fyrir 60 m breiðu veghelgunarsvæði. Vegagerðin gerir hvorki athugasemdir við breytingar á legu Flóttamannavegar milli Urriðaholts og Vífilsstaða né staðsetningu á göngu-og hjólabrú yfir Reykjanesbraut nærri mislægum gatnamótum við Urriðaholtsstræti. Ekki er heldur gerð athugasemd við undirgöng undir Flóttamannaveg nærri Maríuhellum. Vakin er athygli á því að visst svigrúm þurfi að vera til staðar í deiliskipulagi vegna þeirrar hönnunar sem framundan er á Flóttamannavegi. Fyrirvari er gerður um að vegurinn liggi um</p>	<p><i>Garðabær bendir á að dæmi eru um að tengibrautir í aðalskipulagi sveitarfélaga séu stofnvegir í umsjá Vegagerðarinnar og því sé ekki ástæða til að skilgreina Flóttamannaveg sem stofnbraut. Við samþykkt tillögunnar var ákveðið að færa inn á breytingarupprátt aðalskipulagsins 30 m breitt veghelgunarsvæði tengibrautar þ.m.t. innan landnotkunarreits 4.13.</i></p> <p><i>Garðabær fagnar því að VG skuli styðja þær tillögur sem gera ráð fyrir göngubrú yfir Reykjanesbraut og undirgöng undir Elliðavatnsveg (Flóttamannaveg).</i></p>



	landnotkunarreit íb 4.13 austan við Vífilsstaði.	
--	--	--

TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGI ÚTIVISTARSVÆÐIS Í URRIÐAVATNSDÖLUM

BÓKUN SKIPULAGSNEFNDAR VIÐ SAMÞYKKT:

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi Útivistarsvæðis í Urriðavatnsdölum að lokinni auglýsingu ásamt þeim athugasemdum og umsögnum sem borist hafa ásamt drögum að greinargerð þar sem að viðbrögð og svör Garðabæjar við þeim er að finna.

Vegna athugasemda hestamannafélaganna Spretts og Sörla vill skipulagsnefnd taka fram að nefndin telur að ástæða sé til að finna legu fyrir reiðstíg sem tengir reiðstíg undir Vífilsstaðahlíð við hestamannasvæði Sörla sem komi í stað þeirrar reiðvegatengingar meðfram Flóttamannavegi sem nú er felld út úr skipulagi. Eins og fram hefur komið náðist ekki samkomulag við landeigendur Setbergs um þá tengingu. Óskum hestamannafélaganna er vísað til yfirstandandi vinnu við endurskoðun á framsetningu stígakerfis í aðalskipulagi Garðabæjar.

Tillaga að friðlýsingu Urriðakotshrauns sem fólkvangs hefur verið kynnt samhliða deiliskipulagstillögunni og fyrir liggur ósk Umhverfisstofnunar eftir samþykki Garðabæjar á henni. Skipulagsnefnd samþykkir fyrir sitt leyti þá friðlýsingu.

Samkomulag hefur náðst um stafestingu á landamerkjum Vífilsstaða og Urriðakots og falla mörk friðlýsingar og deiliskipulags Urriðavatnsdala og Heiðmerkur nú að þeim mörkum. Liggja mörkin að mestu leyti í legu núverandi stofnstígs undir Vífilsstaðahlíð.

Vegna umsagnar Landsnets er eftirfarandi ákvæðum bætt við í kafla 4.15 í greinargerð tillögunnar. „Hafa skal samráð við Landsnet um allar framkvæmdir í grennd við rafínur og mannvirki tengd þeim.

Háspennulínur eru á vegum Landsnets sem fer með öll málefni sem þær varðar. Upplýsa skal Landsnet ef vinna er fyrirhuguð nærri spennuhafa háspennulínu og ekki má hefja vinnu nálægt flutningsvirki í rekstri nema fyrir liggja heimild frá fyrirtækinu. Sérstaka aðgát skal hafa við vinnu nærri eða undir spennuhafa háspennulína og tryggja skal að framkvæmdir ógni ekki afhendingaröryggi rafmagns."

Helgunarsvæði raflína er þar að auki bætt við á deiliskipulagsupprátt og texti í kafla 4.15 uppfærður m.t.t. helgunarsvæðis.

Vegna athugasemdar Skógræktarinnar er eftirfarandi bætt við kafla 4.8. í greinargerð: Taka skal mið af 19. gr. laga um skóga og skógrækt nr. 33/2019 sem fjallar um varanlega eyðingu skóga, áður en framkvæmdir við stígagerð og/eða lagningu golfbrauta hefjast.

Skipulagsnefnd telur að hvorki umsagnir né athugasemdir sem borist hafa kalli að öðru leyti á breytingu á auglýstri tillögu.

Skipulagsnefnd samþykkir tillöguna með ofangreindri textabreytingu í greinargerð sem deiliskipulag Útivistarsvæðis í Urriðavatnsdölum í samræmi við 3.mgr.41.gr.skipulagslaga nr.123/2010.

Við gildistöku deiliskipulagsins fellur úr gildi deiliskipulag Golfvallar í Urriðavatnsdölum sem staðfest var af Skipulagsstjóra ríkisins þann 15. desember 1992.

11	Umsögn Hafnarfjarðar dags 8.5.23 Við höfum áður bent á að þessi friðlýsing myndi „tappa“ fyrir það sem kallast ofanbyggðarvegur.	Athugasemdin varðar mörk friðlýsingar sem var auglýst samhliða tillögu að deiliskipulagi útivistarsvæðis í Urriðavatnsdölum. Garðabær bendir á að nú er gert ráð fyrir því að Flóttamannavegur sem eitt sinn var hluti
----	---	--

		Ofanbyggðarvegur í aðalskipulagi sé tengibraut og fái 30 m breitt veghelgunarsvæði. Sjá enfremur svör við athugasemdir nr. 2 og nr. 10
12	<p>Hestamannafélagið Sprettur, umsögn dags. 8.5.23</p> <p><i>HS gerir alvarlegar athugasemdir við að ekki sé gert ráð fyrir reiðstíg frá Vífilsstaðahlíð að reiðstígum sem liggja um Gráhelluhraun í Hafnarfirði á fyrirhuguðu deiliskipulagi fólkvangs og golfvallar í Urriðakotsdölum.</i></p> <p><i>Hestamenn hafa í skipulagsferlinu bent á æskilega leið, sem er utan þess svæðis sem fyrirhuguð stækkun golfvallarins nær til. Sú leið sem hestamenn leggja til er norðan og vestan Selgjár um Syðsta Tjarnhól og nærri hraunjaðri við Þverhlíð að Gráhelluhrauni.</i></p> <p><i>HS gerir þær kröfur til Garðabæjar að gert sé ráð fyrir að reiðleið liggji um ofangreint svæði. Einnig að Garðabær beiti sér í viðræðum við landeigendur til að reiðstígur um svæðið geti orðið að veruleika</i></p>	Sjá svör við athugasemd nr.1.
13	<p>Hestamannafélagið Sörli, athugasemd dags 1.5.23</p> <p><i>Gera alvarlegar athugasemdir við og mótmæla harðlega að ekki skuli gert ráð fyrir reiðleið yfir Urriðakotshraun og Tjarnarholt um línuveg úr Vífilsstaðahlíð að Gráhelluhrauni í Hafnarfirði í þeim aðal- og deiliskipulagsbreytingum í upplandi Garðabæjar sem nú eru í kynningu.</i></p> <p><i>Reiðvegur meðfram Elliðavatnsvegi (nr. R.16.02) er stofnleið milli hesthúsahverfa á höfuðborgarsvæðinu, reiðvegurinn er í gildandi</i></p>	Sjá svör við athugasemd nr.1.

	<p><i>aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 og var lagður á veghelgunarsvæði Elliðavatnsvegur með samþykki Vegagerðar Ríkisins með leyfi, en án stuðnings, bæjaryfirvalda Garðabæjar. Bent er á að þessi vegur er mannvirki sem kostar mjög mikið á núvirði. Telur Garðabær að hann geti tekið hann eignarnámi og nýtt til annara nota og þar með fjármuni ætlaða reiðvegum, án bóta. Þessum áformum skipulagsyfirvalda Garðabæjar að gera ekki ráð fyrir reiðvegi úr Vífilsstaðhlíð um Urriðakotsdali að Gráhelluhrauni í Hafnarfirði er harðlega mótmælt og því að loka á góða tengingu milli Spretts og Sörla, sem kostuð var að hestamönnum og Vegagerðinni. Hestamenn leggjast alfarið gegng fyrirhuguðum skipulagsbreytingum fyrr en búið er að tryggja nýjar reiðleiðir og leggja reiðstíga í stað þeirra sem áform eru um að yfirtaka. Og búið að ákveða með hvaða hætti bæta á fyrir yfirtekin mannvirki.</i></p>	
14	<p>Landsnet, umsögn dags 11.5.23. Í kafla 2.1. í greinargerð tillögunnar er gerð grein fyrir háspennulínunum Landsnets sem liggja um deiliskipulagssvæðið, þ.e. Hamraneslínur 1 og 2 og Hnoðraholtslína 1 sem eru loftlínur. Í kaflanum kemur einnig fram að stefnt sé að því að fjarlægja línurnar og/eða leggja þær í jörðu en að þær framkvæmdir séu ekki komnar á áætlun. Í gildandi aðalskipulagi Garðabæjar eru þessar línur sýndar á skipulagsuppdrætti en Hamraneslínur merktar víkjandi. Í</p>	<p>Í tillögu að deiliskipulagi er vísað í forsendur sem fram koma í Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030. Ekki er talin ástæða til að breyta umfjöllun í greinargerð á þessu stigi vegna umræðu um breyttar forsendur er varða framtíð háspennulínanna.</p> <p>Í kafla 4.15 er eftirfarandi bætt við:  <i>Hafa skal samráð við Landsnet um allar framkvæmdir í grennd við raflínur og mannvirki tengd þeim.</i>  <i>Háspennulínur eru á vegum Landsnets sem fer með öll málefni sem þær varðar.</i>  <i>Upplýsa skal Landsnet ef vinna er fyrirhuguð nærri spennuhafa háspennulínu og ekki má hefja vinnu nálægt flutningsvirki í rekstri nema fyrir liggja heimild frá fyrirtækinu.</i>  <i>Sérstaka aðgát skal hafa við vinnu nærri eða undir</i></p>

	<p><i>greinargerð skipulagsins kemur fram að Hamraneslínur 1 og 2 verði fjarlægðar þegar línur ofan Húsafells hafi tekið við hlutverki þeirra. Ein þeirra lína sem fyrirhuguð var ofan Húsafells var Lykkklafellslína 1. Landsnet bendir á að nú liggur fyrir að gert er ráð fyrir að Hamraneslínur muni standa áfram, mögulega til næstu 30 ára. Það er vegna breytinga sem gerðar hafa verið á áætlun um byggingu Lykkklafellslínu 1, sem ætlað er að taka við hlutverki Hamraneslínu. Landsnet bendir einnig á að Hnoðraholtslína 1 hefur ekki verið afskrifuð og ekki verið tekin ákvörðun um framtíð hennar eins og fram hefur komið í samtölum bæjarins og Landsnets. Í kafla 4.15 er fjallað um helgunarsvæði háspennulína og ákvæði sett um landnýtingu innan þeirra. Landsnet telur mikilvægt að fram komi að línurnar séu á vegum Landsnets og fyrirtækið fari með málefni sem þær varðar Landsnet bendir á að heildarbreidd helgunarsvæðis Hnoðraholtslínu 1 (132 kV) er 35-45 m og helgunarsvæði Hamraneslínu 1 og 2 (220 kV) er 65-85 m. Línurnar eru tilgreindar á deiliskipulagsupprætti en ekki helgunarsvæði þeirra. Landsnet leggur áherslu á að helgunarsvæði verði einnig tilgreint á upprættinum til að tryggja að tekið verði mið af þeim við leyfisveitingar og mögulegar framkvæmdir á svæðinu. Landsnet bendir á að gert er ráð fyrir að Hamraneslínur muni standa áfram, mögulega til næstu 30 ára. Því þarf að tilgreina helgunarsvæði Hamraneslínu 1 og 2 á upprætti.</i></p>	<p><i>spennuhafa háspennulína og virða skal Tryggja skal að framkvæmdir ógni ekki afhendingaröryggi rafmagns.</i></p> <p>Helgunarsvæði raflína verður bætt við á deiliskipulagsupprátt og texti í kafla 4.15 uppfærður m.t.t. helgunarsvæðis.</p>
--	---	---

	<p><i>Landsnet bendir á að ekki má hefja vinnu nálægt flutningsvirki í rekstri nema fyrir liggi heimild frá fyrirtækinu. Upplýsa skal Landsnet ef vinna er fyrirhuguð nærri spennuhafa háspennulínu og hugsanlegt er að Landsnet skipi spennuvörð á verkstað á meðan á framkvæmdum stendur. Sérstaka aðgát skal hafa við vinnu nærri eða undir spennuhafa háspennulína og virða skal öryggisfjarlægðir. Tryggja skal persónuöryggi á framkvæmdatíma, sem og að framkvæmdin ógni ekki afhendingaröryggi rafmagns.</i></p>	
15	<p>Náttúrufræðistofa suðvesturlands. Umsögn dags 11.5.23.  <i>Lagning golfbrauta með því að leggja allt að 50 cm jarðvegsfyllingu ofan á lögðir í Urriðakotshrauni mun koma til með að raska svæðinu, þar sem þær munu hylja náttúrulega heildar ásýnd hraunsins. Golfbrautir eru almennt ekki opnar almenningi og hefta því að vissu leyti aðgengi að svæðinu.</i></p> <p><i>Í tillögu er lagt til að nýir stígar verði lagðir meðfram golfbrautum en miðað við skipulagið eru stígarnir það nálægt golfbrautunum að vegfarendum getur stafað ógn af. Stígarnir liggja að auki upp brattar hlíðar hraunsins. Það er mat NFSV að lagning golfbrauta í Urriðakotshrauni og stígagerð meðfram þeim falli illa að markmiðum laga um náttúruvernd sem tilgreind eru í 1. gr. þeirra þar sem framkvæmdir samræmast hvorki 52. eða 61. gr. sömu laga. Aðrar</i></p>	<p>Golfbrautir liggja í svonefndu Flatahrauni sem er slétt lögð inni í annars úfnu hrauni. Að mati Náttúrufræðistofnunar hefur það svæði lægra verndargildi og hefur því þar að auki verið raskað með trjágróðri.</p> <p>Vert er að hafa í huga að golf er ekki spilað allan ársins hring, að jafnaði frá apríl fram í október, eftir því sem veður leyfir. Í Flatahrauni er að mestu leyti gert ráð fyrir aðskildum sígum fyrir golfiðkendur og aðra útivist.</p> <p>Í kafla 3.1 er gerð grein fyrir markmiðum deiliskipulagsins sem m.a. eru:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>▶ <i>Í Urriðavatnsdölum verði góð aðstaða til fjölbreyttrar útivistar, náttúruskoðunar og fræðslu.</i></li> <li>▶ <i>Aðgengi fyrir almenning um útivistarsvæðið verði gott, stígar verði vandaðir og í góðum tengslum við stígakerfi í upplandi Garðabæjar.</i></li> <li>▶ <i>Stuðlað verði að fræðslu um jarðfræði, sögu svæðisins og menningarminjar.</i></li> </ul> <p>Í deiliskipulagi er lögð rík áhersla á bætt aðgengi almennings að svæðinu með nýjum og aðgengilegri útivistarstígum sem tengjast við stofnstígakerfi í upplandi Garðabæjar.</p> <p>Stígar meðfram golfbrautum eru hluti golfvallar og verða nær eingöngu nýttir af kylfingum. Útivistarstígar eru meðfram hraunjaðrinum - gert til að aðskilja notendur og skapa jákvæða upplifun fyrir</p>

	<p><i>framkvæmdir á svæðinu, hvort heldur golfbrautir eða stígar eru hins vegar á landi með lágt verndargildi eða munu koma til með að auka aðgengi almennings og því eru ekki gerðar athugasemdir við þær.</i></p>	<p>alla. Núverandi trjágróður aðskilur golfbrautir og útivistarstíga að hluta.</p> <p>Á einum stað liggur útivistarstígur yfir hraunbreiðuna, frá Flatahrauni til austurs í átt að golfskálanum. Þar liggur í dag mun brattari og mjórri stígur sem er illfær. Nýr stígur verður í minni halla og aðgengilegri. Engir aðrir stígar liggja upp brattar hlíðar.</p> <p>Tillaga að deiliskipulagi útivistarsvæðis í Urriðavatnsdölum hefur verið unnin samhliða tillögu að friðlýsingu svæðisins sem fólkvangs í samræmi við 52.grein laga um náttúruvernd en þar segir að landsvæði skal friðlýsa til útivistar og almenningsnota. Útivist getur verið af ýmsum toga hvort sem það eru gönguferðir, útreiðar, golf eða hjólrreiðar. Má minna á að gert er ráð fyrir skíðaiðkun með umtalsverðum mannvirkjum í Bláfjallafólkvangi svo ekki sé talað um reiðstíga eða göngustíga. Ákvæði og útfærsla deiliskipulags miðar að því að laga golfiðkun að viðkvæmum hraunmyndunum á afmörkuðu svæði innan fólkvangsins en um leið að gera svæðið aðgengilegt til annarar útivistar. Kylfingar munu njóta fegurðar hraunsins og munu golfbrautir stuðla að því að hraunmyndanir njóti sín betur en í því skógarþykki sem fyrir er í lægðinni sem kallast Flatahraun. Friðlýsingarskilmálar tryggja auk þess á margvíslegan hátt að verndargildi hraunsins skerðist ekki þó svo golfbrautir liggja um hluta svæðisins. Landeigandi og Garðabær munu leggja allt kapp á að viðhalda náttúrulegri ásýnd hraunsins við allar framkvæmdir eins og verða má.</p>
16	<p>Náttúrufræðistofnun Íslands, umsögn dags 11.5.23 <i>Enn er stefnt að því að leggja fjórar golfbrautir innan þess svæðis í Urriðakotshrauni sem stendur til að friðlýsa. Rask verður á gróðri og jarðvegi og á einhverjum hraunmyndunum enda um allstórt svæði að ræða. Jarðmyndanir sem lenda inni á miðri golfbraut gæti reynst erfitt að hlífa við álagi. Jákvætt er að stefnt sé að því að</i></p>	<p>Friðlýsingarskilmálar fólkvangsins og skilmálar deiliskipulagsins eru skýrir hvað varðar markmið um vernd jarðmyndana.</p> <p>Í greinargerð eru skýringarmyndir sem sýna hvernig golfbrautir gætu legið í Flatahrauni miðað við forhönnun. Ekki liggur fyrir hvort hraunnibbur muni stingast upp á brautunum þar sem fullnaðarhönnun liggur ekki fyrir. Verði raunin sú að hraunnibbur verði hluti af brautunum verður ítrustu varúðar gætt til að vernda þá fyrir raski og álagi.</p> <p>Fólkvangur í Urriðakotshrauni er um 100 ha að stærð og flatarmál uppbyggðra grassvæða og stíga sem</p>

	<p><i>setja upp margvísleg fræðsluskilti. Eins og fram kom í fyrri umsögn er það óvenjulegt að golfbrautum sé komið fyrir innan friðlýsts fólkvangs og afar mikilvægt að vandað sé til verka við alla hönnun og á framkvæmdatíma til að forðast óþarfa rask. Annars er markmiðum friðlýsingar um verndun jarðminja stefnt í voða. Ábendingar þær sem komu fram í umsögn Náttúrufræðistofnunar frá 25. apríl 2022 eiga að fullu enn við og er því vísað í þá umsögn aftur.</i></p> <p><i>Úr umsögn við forkynningu dags. 25. apríl 2022:</i></p> <p><i>Miðað við mynd 27 virðist sem eitthvað af hraunmyndunum lendi inni á miðri braut. Það gæti reynst erfitt að hlífa þeim jarðmyndunum við raski og álagi. Úr umsögn við forkynningu dags. 25. apríl 2022:</i></p> <p><i>Unnið er að friðlýsingu fólkvangs fyrir Urriðakotshraun samhliða vinnu við deiliskipulag. Því má ætla að markmið og friðlýsingarskilmálar muni falla að þeim áformum sem deiliskipulagstillagan fjallar um. Það eru vissulega nýmæli að golfbrautum sé komið fyrir innan fólkvangs og ljóst að vanda þar mjög til verka við alla hönnun og framkvæmdir til að markmið um verndun jarðmyndana verði ekki stefnt í tvísýnu.</i></p> <p><i>Þá getur útivistargildi svæðisins í heild verið skert að hluta ef golfiðkun truflar aðra útivist eða öfugt en ekki fer alltaf saman mikil návist gangandi og hjólandi við golfvelli.</i></p>	<p>tilheyra golfvelli innan fólkvangsins verður að hámarki um 7 ha, og því lítill hluti fólkvangsins sem fer undir golfbrautirnar. Einnig er vert að hafa í huga að golf er eingöngu spilað hluta ársins, ca. frá apríl og fram í október, eftir því sem veður leyfir. Gert er ráð fyrir aðgreiningu á stígum fyrir kylfinga og aðra útivist eins og hægt er. Einnig er gert ráð fyrir því að tré milli golfbrauta og útivistarstíga standi áfram eins og kostur er og myndi þannig skil milli golfbrauta og útivistarstíga. Sjá einnig svar við athugasemd nr.15.</p>
--	--	--



	<p><i>Jákvætt er að stefnt sé að því að hætta frekari skógrækt innan fólkvangsins og grisja framandi tegundir þannig að hraunjaðarinn sé sýnilegri.</i></p>	
17	<p>Umhverfisstofnun, umsögn dags 15.maí 23.</p> <p><i>Í greinargerð kemur fram að útivistarstígar verði að jafnaði um 2,5 m að breidd og heimilt að leggja minni og mjórri stíga inn á milli sem falla vel að landi. UST bendir á að útivistarstígar ættu frekar að vera að jafnaði um 1-2 metra að breidd. UST bendir á þann möguleika að skilgreina náttúrustíga þar sem það á við, þ.e. stíga sem eru mjórri, fylgja landslaginu og eru með malaryfirborð. Mikilvægt er að mati UST að skoða hvort mögulegt er að verja fleiri hraundranga sem eru á fyrirhuguðum golfbrautum en gert er ráð fyrir á teikningu.</i></p> <p><i>Í greinargerð er fjallað um leyfisveitingar og samráð innan fólkvangsins. UST tekur undir mikilvægi þess eins og fram kemur í greinargerð að samráð skal haft við Umhverfisstofnun og Garðabæ um endanlega hönnun og útfærslu golfbrauta í fólkvangnum. Fella skal golfbrautir að náttúrulegu landslagi eftir fremsta megni.</i></p>	<p>Skilgreiningar á stígum í tillögu að deiliskipulagi eru í samræmi við skilgreiningar í Aðalskipulagi Garðabæjar og í deiliskipulagsáætlunum sem auglýstar eru samhliða. Útivistarstígar þurfa að henta fjölbreyttum hópi notenda og í deiliskipulaginu er því gefinn sveigjanleiki í útfærslu stíga sem verða útfærðir nánar á hönnunarstigi, eftir því hvað hentar hverju sinni.</p> <p>Í skilmálum fyrir útivistarstíga í kafla 4.7.1 er tekið fram að þeir skuli vera náttúrulegir ásýndar og falla sem best að landslagi. Þeir skuli almennt hafa náttúrulegt yfirborð sem hentar vel til göngu. Í samræmi við friðlýsingarskilmála fólkvangsins og skilmála deiliskipulagsins verður lögð rík áhersla á verndun jarðmyndana á svæðinu. Fullnaðarhönnun brautanna liggur ekki fyrir og teikningar af brautum því leiðbeinandi á þessu stigi. Fullnaðarhönnun verður unnin í samráði við Garðabæ og Umhverfisstofnun. Í skilmálum deiliskipulagsins í köflum 4.4 og 4.5 er tekið fram að fella skuli golfbrautir að náttúrulegu landslagi eins og kostur er. Einnig er lögð áhersla á að milli hraunjaðars og nýrra golfbrauta verði náttúrulegur gróður þar sem því verður komið við, með það að markmiði að fella brautirnar enn betur að landslaginu.</p>
18	<p>Erla Bil Bjarnardóttir, athugasemd dags.16.4.23.</p> <p><i>Óskiljanlegt af hverju þessi hluti Búrfellshrauns (Urriðakotshraun) fylgi ekki áformum um friðlýsingu eldstöðvanna og gjánna, því hún er einstök jarðmyndun á landsvísu.</i></p>	<p>Samkvæmt friðlýsingarskilmálum fyrir fólkvanginn er <i>“Markmið friðlýsingar svæðisins sem fólkvangs er að tryggja aðgengi almennings að náttúru svæðisins til útivistar, náttúruskoðunar og fræðslu. Markmið friðlýsingarinnar er jafnframt að vernda jarð- og hraunmyndanir sem og menningarminjar Urriðakotshrauns, sem eru fágætar á heimsvísu, sem og náttúrulegt gróðurfar svæðisins.</i></p>

	<p><i>Það yrði óafturkræf framkvæmd og eyðilegging á náttúrufrýrbæri með því að leggja golfbrautir í hrauntröðina með tilheyrandi raski, aðgengi torvelt að svæðinu með stórvirkum tækjum. Gerð er athugasemd við fyrirhugaða friðlýsingu að þar vænti „hrauntröðina“ í Urriðakotshrauni sem er náttúrulegt framhald hrauneflu frá Búrfelli um Búrfellsgjá, Selgjá sem er ein landslags heild og sérstaða svæðisins. Hér með er lagt til að Garðabær og ekki síst Umhverfisstofnun hafni ósk landeigenda um friðlýsingu Urriðakotshrauns með skilyrðum um lagningu golfbrauta í hrauntröðinni.</i></p>	<p><i>Á svæðinu eru fjölbreyttar náttúru- og menningarminjar og er útivistar- og fræðslugildi þess því hátt. Tækifæri til náttúruskoðunar, útivistar og umhverfisfræðslu eru fjölbreytt þar sem aðgengi að svæðinu er gott og göngu- og reiðleiðir eru fjölbreyttar.”</i></p> <p>Golfbrautir verða lagðar í Flatahraun sem hefur lágt verndargildi. Ekki stendur til að leggja golfbrautir eða útivistarstíga yfir úfið hraun sem hefur hátt verndargildi.</p> <p>Mörk fólkvangsins miðast við hraunjaðar Urriðakotshrauns og er þess gætt að hrauntröðin sé að öllu leyti innan marka hins friðlýsta fólkvangs.</p> <p>Garðabær hefur unnið að tillögunum í samstarfi við landeiganda og Umhverfisstofnun. Tillögurnar hafa tekið miklum breytingum frá því að þær voru fyrst settar fram og þar hefur leiðarljósið verið að draga sem allra minnst úr verndargildi hraunsins. Ef vilji stæði til að hafna tillögunum hefði það verið gert á fyrri stigum þessa mótunar og kynningarferlis. Sjá einnig svör við athugasemdum 15, 16 og 17.</p>
19	<p>Reiðveganefnd í Kjalarnesþingi hinu forna, suðvestursvæði. Athugasemd dags 10.5.23.</p> <p><i>Fyrir hönd Reiðveganefndar í Kjalarnesþingi hinu forna suðvestursvæði er tekið undir þær athugasemdir sem settar eru fram í bréfi frá Hestamannafélaginu Spretti dags 8. maí 2023 og þær studdar að öllu leyti.</i></p>	<p>Sjá svar við athugasemd nr.1 hér að ofan.</p>
20	<p>Skógræktin, athugasemd dags 11.5.23.</p> <p><i>Í greinargerð er fjallað um lundi af barrtrjám í Flatahrauni. Skv. tillögunni stendur til að leggja golfbrautir yfir talsverðan hluta lundanna. Auglýst hefur verið tillaga að friðlýsingu Urriðakotshrauns sem fólkvangs, og virðist skv. þeirri tillögu að barrtrjálundirnir eigi að</i></p>	<p>Ekki stendur til að fjarlægja trjálundi utan þess svæðis sem fer undir golfbrautir. Stefnt er að því að tré sem eru á svæðinu í dag standi áfram, svo framarlega sem þau spilli ekki sýn á jarð- og hraunmyndanir eða ógni verndargildi svæðisins. Stefnt er að því að grísa tré í og við hraunjaðarinn til að tryggja vernd hraunsins og náttúrulegt gróðurfar svæðisins.</p> <p>Í skilmálakafli nr. 4.8 um gróður segir m.a.: <i>Innan fólkvangs verði unnið að því að fjarlægja framandi tegundir sem spilla sýn á jarð- og</i></p>

<p>fjarlægjast, og mótmælir Skógræktin því, enda eru þeir ekki ógn við hraunmyndanir eða náttúrulegan gróður, enda finnast trén aðallega í lægðum í Flatahrauni. Auk þess veita trén gestum skjól og yndi. Eðlilegt er að grisja lundina og hirða um þá, og ætti þá upplifun gesta að verða enn betri og hraunmyndanirnar sýnilegri frá fleiri stöðum. Á þessu er skilningur í deiliskipulagstillögunni og fagnar Skógræktin því. Að þessu sögðu hvetur Skógrækin til þess að sem hóflegast verði gengið fram í að ryðja skógarlundi undir golfbrautir og bendir á að þá telst það eftir atvikum vera sk. varanleg eyðing skóga í skilningi laga um skóga og skógrækt nr. 33/2019, og fellur undir 19. gr. sömu laga. Af því leiðir tvennt:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Það kallar á mótvægisáðgerðir skv. 3. mgr. 19. gr. laga um skóga og skógrækt. Þær þurfa að felast í að sambærilega miklum skógi og ruddur er eða eytt verði komið upp annars staðar, og er það á hendi framkvæmdaraðila.</li> </ul> <p>Gögnum um skógareyðingu þarf að skila til Skógræktarinnar á þar til gerðu eyðublaði. Mikilvægt er að mælingar fari fram áður en framkvæmdir hefjast, endar liður í utanumhaldi um kolefnisforða, bindingu og losun skóga.</p>	<p>hraunmyndanir á svæðinu eða hafa áhrif á verndargildi þeirra. Á milli göngustígs og golfbrauta í fólkvangi verði núverandi trjágróðri haldið eftir eins og kostur er. Skógrækt utan fólkvangs er heimil svo framarlega sem hún hefur ekki óæskileg áhrif á vernd jarð- og hraunmyndana og náttúrulegt gróðurfar.</p> <p>Í kafla 4.8. um gróður er eftirfarandi bætt við: Taka skal mið af 19. gr. laga um skóga og skógrækt nr. 33/2019 sem fjallar um varanlega eyðingu skóga, áður en framkvæmdir við stígagerð og/eða lagningu golfbrauta hefjast.</p>
---	--

TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGI VÍFILSSTAÐAHRAUNS, VATNSMÝRAR OG MARÍUHELLA.

BÓKUN SKIPULAGSNEFNDAR VIÐ SAMÞYKKT:

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi Vífilsstaðahrauns að lokinni auglýsingu ásamt þeim athugasemdum og umsögnum sem borist hafa ásamt drögum að greinargerð þar sem að viðbrögð og svör Garðabæjar við þeim er að finna.

Varðandi umsögn Umhverfisstofnunar og athugasemdir Landssamtaka hjólreiðamanna um stöðu og útfærslu stofnstígs í gegnum fólkvang Vífilsstaðahrauns samhliða Reykjanesbraut þá lítur nefndin svo á að stofnstígurinn þjóni sama hlutverki og stofnstígur handan Reykjanesbrautar í fólkvangi Garðahrauns efra, þ.e. að bæði gangandi og hjólandi vegfarendum sé heimil för. Hinsvegar vísar skipulagsnefnd því til umhverfissviðs að við mótun deiliskipulags Reykjanesbrautar sem stefnt er að þá verði gert ráð fyrir sérstökum hjólreiðastíg (samgöngustíg) þétt upp við brautina sem þjóni þeim hjólreiðamönnum sem þurfi að komast leiðar sinnar með hraði.

Sú lega stofnstígsins sem fram kemur á deiliskipulagsupprætti hefur verið valin af kostgæfni í kjölfar skoðunar Umhverfisstofnunar, ráðgjafa og umhverfissviðs en ljóst er að við hönnun og framkvæmd verður farið enn nánar ofan í saumana með það að markmiði að laga stíginn að viðkvæmri ásynd og náttúru hraunsins.

Í umsögn Vegagerðar kemur fram að Flóttamannavegur (Elliðavatnsvegur) sé flokkaður sem stofnvegur í umsjá stofnunarinnar og beri að sýna hann sem slíkan á skipulagsuppráttum. Skipulagsnefnd bendir á að dæmi eru um að tengibrautir í aðalskipulagi sveitarfélaga séu stofnvegir í umsjá Vegagerðarinnar og því sé ekki ástæða til að skilgreina Flóttamannaveg sem stofnbraut. Skipulagsnefnd leggur til að á aðalskipulagsupprætti og á deiliskipulagsuppráttum þar sem að tengibrautina Flóttamannaveg er að finna skuli skilgreint 30 m breitt veghelgunarsvæði tengibrautar.

Skipulagsnefnd telur að hvorki umsagnir né athugasemdir sem borist hafa kalli að öðru leyti á breytingu á auglýstri tillögu.

Skipulagsnefnd samþykkir tillöguna með ofangreindri breytingu sem deiliskipulag Vífilsstaðahrauns, Vatnsmýrar og Maríuhella í samræmi við 3.mgr.41.gr.skipulagslaga nr.123/2010.

21	<p>Hestamannafélagið Sprettur.Umsögn dags 8.11.23  <i>HS leggst ekki gegn áformum um fólkvang í Vífilsstaðahrauni en bendir á framkomnar athugasemdir. Að reiðleiðum og reiðstígum verði raskað eða þeir teknir til annara nota fyrr en aðrar lausnir í þeirra stað eru fundnar og tilbúnar til notkunar.</i>  <i>HS vekur einnig athygli á að skv. fyrirhuguðum breytingum á stígakerfi í upplandi Garðabæjar er verið að afleggja u.þ.b. 6,5 km af reiðstígum. Í þess stað er lagt til að komi nýr reiðstígur úr Grunnvatnsskarði</i></p>	Sjá svör við athugasemd nr.1 hér að ofan.
----	---	---

	<p><i>austan við Ljósakollulág í Vífilsstaðahlíð 1,9 km.</i></p> <p><i>Í boðuðum skipulagsbreytingum er skerðing á reiðstígum sem nemur um 4,6 km í upplöndum Garðabæjar og er sú rýrnun á útivistarmöguleikum hestamanna með öllu óásættanleg og mótmælt harðlega. Bent skal á að hestamenn hafa með sjálfboðavinnu og stuðningi Vegagerðarinnar byggt upp þá reiðstíga sem fyrirhugað er að afleggja eða taka til annara nota í skipulagstillögum.</i></p>	
22	<p>Hestamannafélagi Sörli, athugasemd dags 10.5.23.</p> <p><i>Hvað varðar deiliskipulagstillögur í Vífilsstaðahrauni þá er að sjá að ætlunin sé að útvista hestamennsku eða ríðandi umferð alfarið frá því svæði og taka núverandi reiðvegi til annara nota, hagnýta fé annara. Í stað eru uppi áætlanir um nýjan reiðveg úr Grunnvatnsskarði um Ljósakollulág í Vífilsstaðahlíð.</i></p> <p><i>Reiðstígar sem teknir eru af hestamönnum til annara nota samkvæmt þessum áformum bæjaryfirvalda Garðabæjar eru u.þ.b. 6,5 km. Í staðinn eru boðnir reiðstígar u.þ.b. 2,5 km. Sem fyrr greinir þá hafa hestamenn lagt þá reiðstíga sem bæjaryfirvöld áætla að yfirtaka til annara nota. Ekkert samráð hefur átt sér stað við hestamenn um þessi áform eða umræða um fjármögnun nýrra reiðstíga í stað þeirra sem áform eru um að yfirtaka, þess má geta að hver km. af þriggja metra breiðum reiðstíg kostar u.þ.b. 14 m.kr.</i></p> <p><i>Stjórn og Reiðveganefnd hmf. Sörla leggja alfarið á móti fyrirhuguðum skipulagsbreytingum fyrr en búið er að tryggja nýjar reiðleiðir og lagningu nýrra reiðstíga í stað þeirra sem áform eru um að yfirtaka. Og búið er að ákveða með hvaða hætti bæta á fyrir yfirtekin mannvirki.</i></p>	Sjá svör við athugasemd nr.1.

23	<p>Heilbrigðiseftirlit Gbr, Hfj,Kóp, Mosfellsb og Seltjness(HEF). Umsögn dags 3.4.23.</p> <p><i>HEF telur að skoða þurfi betur umferð um Flóttamannaveg, mögulega aukningu á umferð og hvernig tryggja á viðunandi hljóðvist í Urriðaholti og í friðlöndum meðfram veginum.</i></p> <p><i>HEF mælist til að hávaðakortlagning verði gerð af Flóttamannavegi til undirbúnings að ákvörðunum og hugsanlegum mótvægisáðgerðum til að tryggja viðunandi hljóðvist.</i></p> <p><i>Enn fremur verði afmarkað kyrrlát svæði í friðlöndum og útivistarsvæðum meðfram veginum.</i></p>	<p>Sjá svör við athugasemd nr.3 hér að ofan.</p>
24	<p>Landsamtök Hjólréiðamanna (LHM) Umsögn dags.11.5.23</p> <p><i>LHM benda á að stofnstígur austan Reykjanesbrautar, frá Urriðaholtsstræti að Vífilsstöðum, má ekki vera of hlykkjóttur.</i></p> <p><i>Að vernda hraunið er virðingarvert sjónarmið en það skýtur skökku við að það sjónarmið virðist bara eiga við uppbyggingu fyrir hjólandi og gangandi, ekki fyrir akandi.</i></p> <p><i>LHM leggja einnig til að stofnstígur meðfram Flóttamannaleið verði án mikilla hlykkja.</i></p>	<p>Sjá svör við athugasemd nr.5 hér að ofan.</p> <p>Gert er ráð fyrir að nýta núverandi reiðleið meðfram Flóttamannavegi og breyta ekki legu stígsins. Þó kemur til greina lagfæra hæðarlegu hans á köflum þar sem hann er óþægilega brattur.</p>
25	<p>Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ) Umsögn dags 11.5.23.</p> <p><i>Eins og fram kom í umsögn NÍ frá 24. apríl 2022 gerir NÍ helst athugasemd við breytta legu göngu- og hjólastígs suðaustan við Reykjanesbraut þar sem ljóst er að rask verður á friðlýstum hraunmyndunum.</i></p> <p><i>Varðandi breytta legu á Flóttamannaleið er vísað í umsögn NÍ við tillögu að aðalskipulagsbreytingu sem auglýst er samhliða.</i></p> <p><i>Í tillögu er fjallað um breytingu á Flóttamannavegi þar sem veglína breytist lítillaga skammt norðan við Maríuhella og inn í Vífilsstaðahraunið.</i></p>	<p>Stígur meðfram Reykjanesbraut, þrátt fyrir hljóðvarnir, flokkist varla undir það að gera Vífilsstaðahraun aðgengilegt til náttúruskoðunar og fræðslu og sem útivistar svæði. Aðrir stígar, fyrir utan víkjandi reiðleið, eru bara slóðar. Sjá að öðru leyti svar við athugasemd nr.6 hér að ofan.</p>

		<p><i>Þessi framkvæmd bætir mjög öryggi vegarins en ljóst er að henni mun fylgja eitthvað rask á hrauninu sem er verndað.</i></p>	
26	<p>Umhverfisstofnun, umsögn dags 15.maí 23.  <i>Í vettvangsferðum Umhverfisstofnunar, Garðabæjar og ráðgjafa, lagði stofnunin til að hjólabraut stofnstígs lægi samsíða Reykjanesbraut til að vernda hraunmyndanir þar sem á þessum hluta fólkvangs eru hraun mjög úfin og ósnortin.</i>  <i>Á hluta stofnstígs fyrir gangandi, sem sveitarfélagið hefur lagt til og mun fara í gegnum úfið hraun, verði raski haldið í lágmarki eins og hægt er, falli vel að umhverfi sínu, og verði staðsett í lægðum þar sem tjágróður hefur nú þegar haft áhrif á jarðmyndanir.</i>  <i>Umhverfisstofnun bendir á að einungis hluti stofnstígs fyrir gangandi á þessu svæði fylgir þeirri leið sem lögð var til og merkt í vettvangsferð.</i>  <i>Auk þess þarf að skoða að mati stofnunarinnar hvort hægt sé að setja litlar brýr til að lágmarka fyllingar og til að raska ekki jarðmyndunum að óþörfu.</i>  <i>UST bendir á mikilvægi þess að fyrirhugaðar framkvæmdir á þessum hluta stofnstígs fari fram samhliða og á þeim hluta stofnstígs fyrir hjólandi fyrir hjólandi umferð meðfram Reykjanesbraut, þó svo að stofnstígur fyrir hjólandi umferð meðfram Reykjanesbraut sé ekki merktur inn á uppdrátt.</i>  <i>UST hefur bent á verkefni Vegagerðarinnar þar sem stofnstígar fylgja stofnbrautum í þéttbýli þar sem settar hafa verið upp hljóðmanir og öryggi hefur verið tryggt.</i>  <i>Fyrirhugað er að endurhanna gatnamót Reykjanesbrautar og Urriðaholts. UST vill benda á þann</i></p>	<p>Sjá svar við athugasemd nr.17.          Áréttað er að stofnstígurinn er hugsaður fyrir blandaða umferð hjólandi og gangandi og sem tenging milli hverfa í Garðabæ. Sérstaklega sem tenging fyrir börn milli Urriðaholts og íþróttasvæðis í Vetrarmýri. Jafnframt er áréttað að við gerð deiliskipulags fyrir Reykjanesbraut verði skoðað að leggja hjólastíg meðfram brautinni.          Gert er ráð fyrir vönduðum frágangi á stíg þar sem hann fer um hraunið og sérstaklega þar sem hann fer í gegnum hraunjaðrana í báðum endum. Þar sem stígurinn fer yfir djúpar þverlægðir verða kantar hlaðnir með grjóthleðslum.          Hönnun og lega stíga mun taka tillit til nærliggjandi umhverfis. Ábending Umhverfisstofnunar mun vera höfð til hliðsjónar á hönnunarferli.          Ekki er hægt að láta framkvæmdir við hjólastíg við Reykjanesbraut fylgjast að við framkvæmd stofnstígs í Vífilsstaðahrauni, þar sem skipulagsvinna er ekki hafin við deiliskipulag Reykjanesbrautar.          Hið rétta er að mislæg gatnamót Urriðaholtsstrætis yfir Reykjanesbraut eru einungis framkvæmd að hálfu. Gert er ráð fyrir annari brú.          Brúin er sýnd til hliðjónar og lega hennar ekki staðfest eða bindandi. Verður skoðað við vinnu á deiliskipulagi Reykjanesbrautar.           Samkvæmt greinargerð er gert ráð fyrir möguleika á að stofnstígarnir séu tengdir með útivistarslóðum sem eru ýmist malar-, kurl, eða stikaðir slóðar, allt að 1 m á breidd.          Það að hafa afmarkaða eða stikaða slóða kemur oft í veg fyrir að þeir vegfarendur sem fari um svæðið myndi marga slóða og valdi þar af leiðandi meira raski en ella.          Í forsendum í kafla 2.8 í greinargerð er fjallað um flórana og þar kemur m.a. fram að blátoppa sé friðuð.</p>	

	<p>möguleika að tengja Urriðaholtshverfi þeim stofnstíg sem er nú þegar til staðar norðan við Reykjanesbrautina. UST telur ótímabært að skilgreina brú yfir Reykjanesbraut þar sem ekki liggur fyrir endurhönnun gatnamóta Reykjanesbrautar og Urriðaholts. UST telur að staðsetning brúar á þessum hluta fólkvangs geti haft neikvæð áhrif á jarðmyndanir.</p> <p><b>Athugasemd við forkynningu:</b> UST bendir á að það þarf að fjalla ítarlegar um þverstígana sem tengja stofnstígana saman og markmið þeirra. Að mati UST geta þverstígarnir valdið auknu álagi á gróðurfar, dýralíf og jarðminar</p> <p><b>Athugasemd við forkynningu:</b> Fuglatalning var seinast gerð árið 2017 og því æskilegt að láta gera nýja talningu vegna stækkunar votlendissvæða o.fl. sem getur haft áhrif á fuglalíf.</p> <p><b>Athugasemd við forkynningu:</b> Í greinargerð deiliskipulagsins kemur fram að grastegundin blátoppa finnist á svæðinu. UST bendir á að blátoppa er friðuð skv. auglýsingu nr. 1385/2021. UST bendir að mikilvægi þess að markmið friðunar komi fram í greinargerð deiliskipulags - sjá nánar í umsögn.</p>	<p>Í kafla 4.4 í deiliskipulagshluta er tekið fram að fara þurfi yfir þau svæði þar sem áætlað er að leggja nýja stíga áður en framkvæmdir hefjast til koma í veg fyrir að raska friðuðum plöntutegundum.</p> <p>Hægt að bæta við markmiði friðunarinnar í forsendur ef talið er þörf á því.</p>
27	<p>Erla Bil Bjarnardóttir dags 16.4.23. Að nýr stofnstígur verði lagður í Vífilsstaðahrauni austan Reykjanesbrautar er nauðsynleg aðgerð til að auðvelda samgöngur gang-/hlaup-/hjólandi íbúa milli hverfa í bæjarlandinu. En gæta þarf að ýmsu varðandi legu stígsins. Hann getur t.d. verið töluvert nálægt Reykjanesbrautinni vegna ríkjandi vindátta SA og A sem liggur af hrauninu en ekki frá brautinni með sinn umferðagný.</p>	<p>Tekið er undir að það þarf að gæta að ýmsu varðandi legu stígsins og voru hljóðútreikningar meðal annars notaðir við val á legu hans.</p> <p>Samkvæmt deiliskipulaginu er gert ráð fyrir 3m breiðum stíg.</p>



		<i>Æskilegt að stígurinn verði 3 m á breidd, ekki plássfrekari.</i>	
28		Reiðveganefnd í Kjalarnesþingi hinu forna, suðvestursvæði. Athugasemd dags 10.5.23. <i>Fyrir hönd Reiðveganefndar í Kjalarnesþingi hinu forna suðvestursvæði er tekið undir þær athugasemdir sem settar eru fram í bréfi frá Hestamannafélaginu Spretti dags 8. maí 2023 og þær studdar að öllu leyti.</i>	Sjá svör við athugasemd nr.1 hér að ofan.

**TILLAGA AÐ BREYTINGU Á DEILISKIPULAGI HEIÐMERKUR OG SANDAHLÍÐAR.**

**BÓKUN SKIPULAGSNEFNDAR VIÐ SAMÞYKKT:**

*Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Heiðmerkur og Sandahlíðar að lokinni auglýsingu ásamt þeim athugasemdum og umsögnum sem borist hafa ásamt drögum að greinargerð þar sem að viðbrögð og svör Garðabæjar við þeim er að finna.*

*Varðandi athugasemdir hestamannafélaganna Sprettis og Sörla þá bendir skipulagsnefnd á að deiliskipulag Heiðmerkur gerir ráð fyrir reiðstígum sem hafa ekki enn verið lagðir og því er beint til umhverfissviðs að huga að framkvæmd þeirra.*

*Í athugasemdum Skógræktarfélags Garðabæjar er gerð athugasemd við legu lóðar og byggingarreits fyrir aðstöðu félagsins undir Sandahlíð. Skipulagsstjóri og deiliskipulagshöfundur leggja til nýja legu við mörk skógræktarsvæðis og hesthúsabyggðar sem hefur verið unnin í samráði við stjórn skógræktarfélagsins. Skipulagsnefnd er samþykk þeirri breytingartillögu.*

*Vegna umsagnar Landsnets er eftirfarandi ákvæðum bætt við kafla 4.11 greinargerðar deiliskipulagsins: "Háspennulínur eru á vegum Landsnets sem fer með öll málefni sem þær varðar. Upplýsa skal Landsnet ef vinna er fyrirhuguð nærri spennuhafa háspennulínu og ekki má hefja vinnu nálægt flutningsvirki í rekstri nema fyrir liggja heimild frá fyrirtækinu. Sérstaka aðgát skal hafa við vinnu nærri eða undir spennuhafa háspennulína og tryggja skal að framkvæmdir ógni ekki afhendingaröryggi rafmagns." Færa skal inn legu og helgunarsvæði Hamraneslínu á deiliskipulagsupprátt til samræmis við Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030.*

*Samkomulag hefur náðst um staðfestingu á landamerkjum Vífilsstaða og Urriðakots og falla mörk friðlýsingar og deiliskipulags Urriðavatnsdala og Heiðmerkur nú að þeim mörkum. Liggja mörkin að mestu leyti í legu núverandi stofnstígs undir Vífilsstaðahlíð.*

*Skipulagsnefnd samþykkir tillöguna með ofangreindum breytingum sem breytingu á deiliskipulagi Heiðmerkur og Sandahlíðar í samræmi við 3.mgr.41.gr.skipulagslaga nr.123/2010.*

29	<p>Heilbrigðiseftirlit Gbr, Hfj,Kóp,Mosfb og Seltjn.HEF.Umsögn dags 3.4.23. HEF gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaðar skipulagsbreytingar. HEF hvetur Garðabæ til að leggja af bílastæði við Hjallaflatir, sem eru innan grannsvæðis vatnsverndar og eru víkjandi með tilkomu nýrra bílastæði við suðausturenda Vífilsstaðarhlíðar, sem nú er verið að byggja.</p>	<p>Í greinargerð gildandi deiliskipulags er ekki gert ráð fyrir neinum bílastæðum á Hjallaflötum og tekið fram að nýtt bílastæði verði við suðurenda Vífilsstaðarhlíðar umferðinni verði beint þangað. Það bílastæði utan öryggissvæðis hefur þegar verið framkvæmt en lendir utan þessa deiliskipulags með breyttum mörkum. Ekki er fjallað um Hjallaflatir í þessari deiliskipulagsbreytingu.</p>
30	<p>Hestamannafélagið Sprettur.Umsögn dags 8.5.23 HS leggst ekki gegn því að reiðstígar meðfram Elliðavatnsvegi verði aflagðir eða teknir til annara nota. HS leggst hins vegar alfarið gegn því að nokkuð verði hróflað við eða þrengt að núverandi reiðstígum meðfram Elliðavatnsvegi eða annars staðar fyrr en aðrar lausnir þeirra í stað eru orðnar að veruleika og tilbúnar til notkunar, s.s. reiðstígur um Ljósakollulág. Á skipulagsupprætti er sýnt nýtt bílastæði ofan á reiðstíg frá Kjóavöllum að Grunnvatnsskarði. HS mótmælir þeim áformum harðlega og krafa gerð um að bílastæðið verði fellt út og því fundinn annar staður fjarri reiðstígum.</p>	<p>Sjá svör við athugasemd 1 hér að ofan.  Gildandi deiliskipulag gerir ráð fyrir nýju bílastæði nær Elliðavatnsvegi til að fjölga aðkomusvæðum að útivistarsvæði við Vífilsstaðavatn og Grunnvatnasvæði. Lagt er til að reiðleið verði hnikað til á stuttum kafla þannig að aðkoma að bílastæðum þurfi ekki að þvera reiðgötu. Verður útfært nánar af umhverfissviði Garðabæjar.</p>
31	<p>Landsnet.Umsögn dags 11.mai23. Í kafla 4.11 í greinargerð tillögunnar kemur fram að gert sé ráð fyrir að lagðir verði jarðstrengir í stað núverandi 132 kV Hnoðraholtslínu utan Grunnvatnssvæðisins í samræmi við gildandi aðalskipulag 2004-2016. Einnig kemur fram að gert sé ráð fyrir að Hamraneslínur 1 og 2 verði fjarlægðar þegar Sandskeiðslína 1 sé komin í rekstur. Í gildandi aðalskipulagi Garðabæjar 2016-203 kemur fram að gert sé ráð fyrir að Hamraneslínur 1 og 2 verði</p>	<p>Í auglýstri breytingartillögu var ekki fjallað um háspennulínur sem um svæðið liggja. Hins vegar kom í ljós við nánari skoðun eftir auglýsingu að framsetning línanna í upprunalegu deiliskipulagi Heiðmerkur í Garðabæ og Sandahlíðar er ekki í samræmi við framsetningu í gildandi aðalskipulagi Garðabæjar sem öðlaðist gildi eftir að deiliskipulagið var samþykkt. Því er eftir auglýsingu gerð sú breyting að línurnar eru sýndar á deiliskipulagi í samræmi við gildandi aðalskipulag. Framundan er nánari skoðun á lagningu háspennulína í jörðu og má gera ráð fyrir skipulagsbreytingum í tengslum við það.</p>

	<p><i>fjarlægðar þegar línur ofan Húsafells hafi tekið við hlutverki þeirra. Ein þeirra lína sem fyrirhuguð var ofan Húsafells var Lyklafellslína 1 (áður nefnd Sandskeiðslína 1).</i></p> <p><i>Landsnet bendir á að nú liggur fyrir að gert er ráð fyrir að Hamraneslínur muni standa áfram, mögulega til næstu 30 ára. Það er vegna breytinga sem gerðar hafa verið á áætlun um byggingu Lyklafellslínu 1, sem ætlað er að taki við hlutverki Hamraneslínu, og þær breytingar hafa verið kynntar fulltrúum Garðabæjar. Því þarf að tilgreina helgunarsvæði Hamraneslína 1 og 2 á upprætti.</i></p> <p><i>Landsnet bendir einnig á að Hnoðraholtslína 1 hefur ekki verið afskrifuð og ekki verið tekin ákvörðun um framtíð hennar eins og fram hefur komið í samtölum bæjarins og Landsnets.</i></p> <p><i>Í kafla 4.11 kemur jafnframt fram að hafa verði í huga að í tengslum við rafmagnslínur séu helgunarsvæði þar sem önnur landnýting er takmörkunum háð.</i></p> <p><i>Landsnet telur mikilvægt að fram komi að línurnar séu á vegum Landsnets og fyrirtækið fari með málefni sem þær varðar.</i></p> <p><i>Landsnet bendir á að ekki má hefja vinnu nálægt flutningsvirki í rekstri nema fyrir liggi heimild frá fyrirtækinu. Upplýsa skal Landsnet ef vinna er fyrirhuguð nærri spennuhafa háspennulínu og hugsanlegt er að Landsnet skipi spennuvörð á verkstað á meðan á framkvæmdum stendur. Sérstaka aðgát skal hafa við vinnu nærri eða undir spennuhafa háspennulína og virða skal öryggisfjarlægðir. Tryggja skal persónuöryggi á framkvæmdatíma, sem og að</i></p>	<p>Í kafla 4.11 er eftirfarandi bætt við: Háspennulínur eru á vegum Landsnets sem fer með öll málefni sem þær varðar.</p> <p>Í kafla 4.11 er eftirfarandi bætt við: <i>Upplýsa skal Landsnet ef vinna er fyrirhuguð nærri spennuhafa háspennulínu og ekki má hefja vinnu nálægt flutningsvirki í rekstri nema fyrir liggi heimild frá fyrirtækinu. Sérstaka aðgát skal hafa við vinnu nærri eða undir spennuhafa háspennulína og virða skal Tryggja skal að framkvæmdir ógni ekki afhendingaröryggi rafmagns.</i></p>
--	--	---

		<i>framkvæmdin ógni ekki afhendingaröryggi rafmagns.</i>	
32		<p>Landsamtök Hjólréiðamanna (LMH) Umsögn dags 11.5.23.</p> <p><i>LMH benda á að útilífsmiðstöðin verður án efa mikilvægur hlekkur í útivist fyrir alla hópa, gangandi, ríðandi og hjólandi. Það virðist þó ekki nægilega vel hugað að stígatengingum við útilífsmiðstöðina fyrir hjólandi.</i></p> <p><i>Gamli línuvegurinn er merktur sem reiðstígur í norður/norðaustur í átt að Guðmundarlundi í Kópavogi. Að mati LHM þarf að leggja nýjan aðalstíg til útivistar í sambærilega legu norður/norðaustur, sem tengist stígum í Guðmundarlundi. Slíkur stígur gæti legið upp austan útilífsmiðstöðvar um lægðina vestan Arnarbælis að línuveginum austan reiðstígsins.</i></p> <p><i>Í aðalstíga til útivistar ætti að nota brotna mól með blandaðri kornastærð frekar en rúnaða mól með einsleita kornastærð.</i></p> <p><i>Leggja ætti Græna stíginn þannig að hann uppfylli leiðbeiningar um hönnun fyrir reiðhjól.</i></p> <p><i>Útilífsmiðstöðin skapar möguleika á að vera með virkar ferðir skólabarna hjólandi, gangandi eða skíðandi um útmörkina þar sem er gistimöguleiki. Ástæða gæti verið til að fjalla um þennan möguleika í greinargerð deiliskipulagsins.</i></p>	<p>Þetta verður skoðað við yfirstandandi heildarendurskoðun stígakerfis í Garðabæ. Áhersla er á að Græni stígurinn verði nothæfur til hjólréiða. Lega stígsins verður leiðrétt í Sandahlíð skv. ábendingum Skógræktarfélags Garðabæjar. Lega stíga almennt er ekki bindandi heldur einungis leiðbeinandi og athugist nánar við hönnun.</p> <p>Í kafla 4.10.6 í gildandi greinargerð kemur fram að aðal svæðið fyrir skáta og skólahópa verði við útilífsmiðstöðina og að þaðan verði góðar tengingar með stígum við allt nánasta umhverfi. Góður 2 m breiður útivistarstígur hefur þegar verið lagður frá Vífilsstaðavatni um Grunnuvatnaskarð að útilífsmiðstöðinni við Grunnvatn syðra.</p>
33		<p>Náttúrustofa Suðvesturlands. Umsögn dags. 11.5.23</p> <p><i>Gerir ekki athugasemdir en vekur athygli á að skv. deiliskipulaginu er gert ráð fyrir skógrækt með erlendum tegundum í jaðri friðlandsins við Vífilsstaðavatn. Því þarf að huga að því að þær tegundir sem gróðursettar eru næst</i></p>	<p>Ábendingu vísað til Skógræktarfélags Reykjavíkur og umsjónaraðila á vegum Garðabæjar.</p>

		<i>friðlandinu geti ekki breytt úr sér og gerst ágengar gegn friðlandinu,</i>	
34		<p>Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ) umsögn dags.11.5.23</p> <p>Nýjum reiðstíg (sem mun liggja úr Grunnvatnsskarði um Ljósakollulág og niður Vífilsstaðahlíð og tengjast reiðstíg í Urriðakotshrauni) mun fylgja rask á öröskuðu svæði en gróðurlendi sem verður fyrir því raski er ekki með hátt verndargildi og er að stórum hluta lúpína.</p> <p>Í skipulagi eru áform um umtalsverða skógrækt. Ní vill árétta að fylgst sé með sjálfþáningu framandi tegunda og að frekar sé plantað í lúpínubreiður en í ósnortinn lyngmóa eins og kostur er. Bæði lúpína og skógrækt rýrir búsvæði mófugla sem nýta sér einkum opin svæði s.s. heiðlóa og spói.</p>	<p>Tekið er undir að stígurinn valdi raski á hrauni en bent er á að reynt er að halda raski í lágmarki, stígurinn verður 3 m breiður og við framkvæmd hans má ekki fara út fyrir það.</p> <p>Einnig er bent á að í 2. gr. auglýsingar fyrir fólkvanginn kemur fram að auk þess að vernda jarðmyndanir þá er "verið að efla lífsgæði í sveitarfélaginu með því að tryggja möguleika til útivistar, náttúruskoðunar og fræðslu í náttúrulegu umhverfi".</p> <p>Í deiliskipulagi Heiðmerkur kemur fram í kafla 4.4.1.5 um gróður í friðlandi við Vífilsstaðavatn að heimilt er að uppræta framandi tegundir... Skógrækt innan friðlýsta svæðisins er eingöngu með íslenskum tegundum.</p> <p>Auk þessa er ekki verið að fjalla um gróður í þessari deiliskipulagsbreytingu.</p>
35		<p>Skógræktarfélag Garðabæjar (SG) Athugasemd dags 6.5.23</p> <p>Stjórn SG telur að "Útivistarskógur í Sandahlíð" sé betur lýsandi fyrir umhverfið og upplifun gesta í Sandahlíð heldur en "Skógargarður í Sandahlíð."</p> <p>SG sér ekki tilgang með nýju bílastæði suðvestur af hesthúsahverfi að Kjávöllum. Við sjáum ekki tilgang í að búa til nýtt bílastæði langt frá öllum núverandi og væntanlegum göngustígum. Auk þess er bílastæðið staðsett við eða ofan á reiðstígnum. Staðsetning hefur því engan tilgang og veldur truflun fyrir ríðandi umferð. Ef og þegar þörf er á fleiri bílastæðum teljum við heppilegra að stækka núverandi bílastæði.</p> <p>Staðsetning byggingarlóðar er önnur en hefur áður verið rætt um. Skv. SG er talið heppilegast að byggingarlóð verði staðsett norðaustur af núverandi bílastæði.</p>	<p>Tekið er undir sjónarmið SG um heppilegra heiti. Gildandi deiliskipulag gerir ráð fyrir nýju bílastæði nær Elliðavatnsvegi til að fjölga aðkomusvæðum útivistarsvæði við Vífilsstaðavatn og Grunnvatnasvæði. Lagt er til að reiðleið verði hnikað til á stuttum kafla þannig að aðkoma að bílastæðum þurfi ekki að þvera reiðgötu.</p> <p>Haldinn var fundur á vettvangi með stjórn Skógræktarfélags Garðabæjar og tekið undir þá ósk félagsins að færa lóð með byggingarreit að mörkum athafnasvæðis hestamanna þannig að byggingin geti verið í sem bestum tengslum við útivistaraðstöðu í hvammi neðst í Sandahlíð. Þar var jafnframt rædd leiðrétting á legu Græna stígsins við útivistaraðstöðu félagsins í Sandahlíð og er hún uppfærð á uppdrætti.</p>

36	<p>Umhverfisstofnun, umsögn dags 16.5.23.  <i>UST leggur áherslu á að stofnstígar fylgi stofn- og tengibrautum eins og hægt er og rýri ekki verndargildi friðlýstra svæða.          Benda á möguleika á hraðatak mörkunum fyrir hjól á stofnstígum innan friðlýstra svæða.</i></p>	<p>Hér er væntanlega átt við legu græna stígsins vestan og norðan Vífilsstaðavatn. Fyrirhuguð lega stígsins er að mestu um lúpinubreiður og rýrir varla verndargildi á þeim kafla.</p>
37	<p>Bjarni V.Guðmundsson. Athugasemd 11.4.23  <i>Mestar áhyggjur vegna stofnstíga, þ.m.t. hjólreiðastíga á friðlýstum svæðum, t.d. við Vífilsstaðavatn. Er ætlunin að hafa þá malbikaða? Malbik og óspillt náttúra eiga enga samleið. Svona stígar eiga tilhneigingu til að verða sleipir á veturna og vilja síga þar sem mýrar eru, sem veldur sprungum og tilheyrandi slyshættu.          Er hægt að hafa stofnstíga svífandi yfir landinu á stöplum þannig að mun minna rask verði?</i></p>	<p>Ekki er gert ráð fyrir að malbika núverandi stíg, núverandi stígur meðfram vatninu verður óbreyttur en við bætist malbikaður stígur, Græni stígurinn fjær vatni, til að bæta aðgengi fyrir alla og gera hann nothæfan fyrir fjölbreyttar hjólreiðar.           Það er óraunhæft að gera ráð fyrir svífandi stofnstígum vegna kostnaðar.</p>
38	<p>Júlíus Helgi Schopka. Athugasemd dags. 16.5.23.  <i>Sem áhugamaður um útivist sem fer reglulega um skipulagssvæðið, langar mig að koma eftirfarandi athugasemdum við umrædda skipulagstillögu á framfæri.          Áform um lagningu reiðstíga frá Grunnavatni Nyrðra, þvert yfir Vífilsstaðahlíðina um Ljósukollalág. Svæðið sem þessi fyrirhugaði reiðstígur fer um er alveg ósnortin náttúra án nokkurra mannvirkja fyrir utan gamlan niðurníddan útsýnispall efst í skógræktinni að vestanverðu. Svæðið er mikið stundað af alls kyns útivistarfólki, göngufólki (oft með hunda), utanvegahlaupurum og fjallahjólreiðafólki. Mjög oft eru þetta hópar á vegum íþróttafélaga. Allir leita þessir hópar á þetta svæði, einmitt þar sem það er nánast alveg ósnortið af mannshöndinni og margir</i></p>	<p><i>Hér koma fram góðar ábendingar. Skipulag felst oft í málamiðlunum milli mismunandi notenda og hagsmunaaðila. Lega stíga í skipulagi er leiðbeinandi og ekki bindandi og mjög mikilvægt að vanda mjög til verka og hafa samráð við notendur um útfærslur. Sérstaklega mikilvægt er að tryggja örugga þverun reiðstígs á göngustíg í Vífilsstaðahlíð</i></p>

	<p><i>eru að leita í slóða og troðninga sem ekki eru malarbornir. <b>Reiðstígur um þetta svæði mun gjörbreyta ásynnd svæðisins og að mínum dómi skemma einstakt útivistarsvæði.</b></i></p> <p><i>Reiðstígur um þetta svæði mun einnig án nokkurs vafa hafa í för með sér árekstra á milli hestamanna og annarra útivistarhópa. Hestamenn hafa verið óþreytandi að lýsa því hversu illa önnur útivist fer saman við hestamennsku. Þeir þurfa almennt ekki að taka tillit til annarra vegfarenda en öll önnur form útivistar þurfa hins vegar að taka tillit til hestamanna. Það er skiljanlegt, því hlaupandi fólk í skærlitum fötum, lausir hundar og hjól geta fælt skepnurnar. Svæðið sem hér er undir, er eitt fárra í Garðabæ þar sem aðrir útivistarhópar geta farið um án þess að eiga á að hættu að trufla hestamenn.</i></p> <p><i>Ég biðla því til skipulagsyfirvalda í Garðabæ að endurskoða áform um að leggja þennan reiðstíg og láta nægja að skipuleggja reiðstíg framhjá útilífsmiðstöðinni og niður Hjalla til að tengjast reiðstígnum vestan við Vífilstaðahlíð. Ef áformunum verður ekki haggð myndi ég halda að þau íþróttafélög sem stunda þarna útivist kynnu að meta að vera höfð með í ráðum þegar nákvæm lega stígsins verður ákveðin. T.d. hafa Stjarnan, HK, FH og Náttúruhlaup öll hlaupahópa sem m.a. stunda utanvegahlaup.</i></p> <p><i>Sömuleiðis eru fjallahjólarar í HFR (Hjólafélagi Reykjavíkur), BFH (Brettafélagi Hafnarfjarðar) og Hjólafélaginu Tind svo einhver séu nefnd og ég veit að a.m.k. einhver þessara félaga (og mögulega fleiri)</i></p>	
--	---	--

	<p><i>halda æfingar í Vífilsstaðahlíðinni. Ég skal einnig sjálfur glaður leggja orð í belg enda gjörþekki ég fjallahjóla- og gönguleiðirnar þarna.</i></p> <p><i>Einnig er afar mikilvægt, ef af lagningu þessar reiðstígar verður, að við allar þveranir verði komið fyrir skýrum merkingum sem banna ríðandi umferð um útivistarstíga og útivistarslóða.</i></p> <p><i>Tengingar svæðisins við önnur útivistarsvæði fyrir gangandi og hjólandi.</i></p> <p><i>Vegarspottinn á milli útilífsmiðstöðvar Skáta og Guðmundarlundar er í núgildandi deiliskipulagi skilgreindur sem reiðvegur. Nýverið var komið upp skiltum sem gefa til kynna að um hann megi bara fara ríðandi umferð. Þessi vegarspotti hefur hins vegar um árabíl verið notaður af öðrum en hestamönnum enda eina greiðfæra tengingin þarna á milli. Á meðan ekki er önnur greiðfær tenging þarna á milli, verður óhjákvæmilega umferð annarra en hestamanna um þennan veg. Það væri því gaman að sjá í skipulaginu útivistarstíg samhliða þessum vegarkafla fyrir gangandi og hjólandi umferð, enda sárvantar góða tengingu á milli stíga í Vífilstaðahlíð og Sandahlíð við stíganetið í Heiðmörk.</i></p> <p><i>Að lokum við ég benda skipulagsyfirvöldum á að ekki þarf að bera mól eða kurl í alla slóða og troðninga sem orðið hafa til með notkun. Það er mikilvægt að leyfa þeim sem flestum að haldast ósnertum því mjög margir sem ferðast um útivistarsvæðin í kringum borgina hafa yndi af því að ferðast í sem mest ósnertri náttúru.</i></p> <p><i>Vissulega er mögulegt að fara um aðra slóða og útivistarstíga, m.a. yfir Sandahlíðina, en þeir eru víða grófir</i></p>	
--	--	--



		<i>og ekki færir öllum gangandi og hjólandi vegfarendum.</i>	
--	--	--	--

**TILLAGA AÐ BREYTINGU Á DEILISKIPULAGI AUSTURHLUTA URRÍÐAHOLOTS.**

**BÓKUN SKIPULAGSNEFNDAR VIÐ SAMÞYKKT:**

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Urriðaholts austurhluta að lokinni auglýsingu sem gerir ráð fyrir því að reiðstígur sem skilgreindur er meðfram Flóttamannavegi verði felldur út. Lagðar fram þær athugasemdir og umsagnir sem borist hafa ásamt drögum að greinargerð þar sem að viðbrögð og svör Garðabæjar við þeim er að finna.

Í umsögn Vegagerðar kemur fram að Flóttamannavegur (Elliðavatnsvegur) sé flokkaður sem stofnvegur í umsjá stofnunarinnar og beri að sýna hann sem slíkan á skipulagsuppdráttum. Skipulagsnefnd bendir á að dæmi eru um að tengibrautir í aðalskipulagi sveitarfélaga sé stofnvegir í umsjá Vegagerðarinnar og því sé ekki ástæða til að skilgreina Flóttamannaveg sem stofnbraut. Skipulagsnefnd leggur til að á aðalskipulagsuppdrætti og á deiliskipulagsuppdráttum þar sem að tengibrautina Flóttamannaveg er að finna skuli skilgreint 30 m breytt veghelgunarsvæði tengibrautar.

Skipulagsnefnd samþykkir tillöguna með ofangreindri breytingu sem breytingu á deiliskipulagi Urriðaholts austurhluta í samræmi við 3.mgr.41.gr.skipulagslaga nr.123/2010.

39		<i>Hestamannafélagið Sprettur(HS) Umsögn dags 8.maí 2023 HS getur ekki fallist á tillögu að því að reiðstígur meðfram Elliðavatnsvegi leggist af fyrr en annar ásættanlegur reiðstígur úr Vífilsstaðahlíð að reiðstígakerfi í Gráhelluhrauni hefur orðið að veruleika. HS bendir á áður framkomnar athugasemdir í því sambandi.</i>	<i>Reiðstígur við Urriðaholt hefur þegar verið færður í skipulagi austurhluta Urriðaholts yfir Flóttamannaveg og hefur ekki verið nothæfur um tíma. Bent hefur verið á að tenging milli Garðabæjar og Hafnarfjarðar er til staðar við Smyrlabúð. Varðandi tímaröð framkvæmda þá er gert ráð fyrir að reiðvegur í Vífilsstaðhrauni verði notaður áfram að tengingu yfir Flóttamannaveg suðvestan Mariuhella þar til tenging yfir Vífilsstaðahlíð verður fær sem reiðleið. Sjá ennfremur svar við athugasemd nr.1.</i>
----	--	---	--

**TILLAGA AÐ BREYTINGU Á DEILISKIPULAGI 4.ÁFANGA NORÐURHLUTA URRÍÐAHOLOTS.**

**BÓKUN SKIPULAGSNEFNDAR VIÐ SAMÞYKKT:**

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Urriðaholts norðurhluta 4.áfanga að lokinni auglýsingu sem gerir ráð fyrir því að reiðstígur sem skilgreindur er meðfram Flóttamannavegi verði felldur út og að undirgöng fyrir stofnstíg verði undir Flóttamannaveg. Lagðar fram þær athugasemdir og umsagnir sem borist hafa ásamt drögum að greinargerð þar sem að viðbrögð og svör Garðabæjar við þeim er að finna.

*Í umsögn Vegagerðar kemur fram að ekki sé gerð athugasemd við undirgögn undir Flóttamannaveg. Einnig er bent á í umsögninni að Flóttamannavegur (Elliðavatnsvegur) sé flokkaður sem stofnvegur í umsjá stofnunarinnar og beri að sýna hann sem slíkan á skipulagsuppráttum. Skipulagsnefnd bendir á að dæmi eru um að tengibrautir í aðalskipulagi sveitarfélaga sé stofnvegir í umsjá Vegagerðarinnar og því sé ekki ástæða til að skilgreina Flóttamannaveg sem stofnbraut. Skipulagsnefnd leggur til að á aðalskipulagsupprætti og á deiliskipulagsuppráttum þar sem að tengibrautina Flóttamannaveg er að finna skuli skilgreint 30 m breytt veghelgunarsvæði tengibrautar. Skipulagsnefnd samþykkir tillöguna með ofangreindri breytingu sem breytingu á deiliskipulagi Urriðaholts norðurhluta 4.áfangi í samræmi við 3.mgr.41.gr.skipulagslaga nr.123/2010.*

Garðabæ 25. júlí 2023

Vakin er athygli á málskotsrétti samanber 10. kafla skipulagslaga nr.123/2010 og lög um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála nr. 130/2011 en þar kemur fram að stjórnvaldsákvæðanir má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

Þeir einir geta kært stjórnvaldsákvæðanir sem eiga lögvarða hagsmuni tengda þeirri ákvörðun sem kæra á. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu deiliskipulags í B-deild Stjórnartíðinda.